

Ed. 391. Frumvarp til laga [222. mál]

um breyting á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna komi ný ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Á árinu 1984 skal þó í stað bótagreiðslna úr hinni almennu deild sjóðsins, skv. I. kafla laganna, greiða sérstakar bætur, sem nemi 4% af öllu verðmæti afla, sem landað er innanlands, miðað við lágmarksverð skv. ákvörðunum Verðlagsráðs sjávarútvegsins, en af skiptaverðmæti við landanir erlendis. Bætur þessar skal greiða inn á reikning hvers skips hjá Stofnfjár sjóði fiskiskipa, sbr. lög nr. 4 13. febrúar 1976, og koma þær ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Um ákvörðun gjaldstofns og greiðslur fer á sama hátt og um greiðslur í Stofnfjár sjóð, eftir því sem við getur átt.

II

Á árinu 1984 skal framlag ríkissjóðs skv. ákvæðum 2. töluliðar 1. mgr. 9. gr. laganna renna til áhafnadeildar sjóðsins til þess að deildin geti aukið greiðslur fæðispeninga og greitt úr fjárhagsörðugleikum sjómanna, sem upp kynnu að koma vegna þess að útgerð skipa stöðvast vegna aflabrests og hinna nýju reglna um stjórn botnfiskveiða á árinu 1984. Sjávarútvegsráðuneytið mun setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í framhaldi af ákvörðun fiskverðs og vegna hins alvarlega þorskaflabrests á þessu ári, svo og nýrra reglna um stjórn botnfiskveiða á árinu, er nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir í sjávarútvegi og er frumvarp þetta annað af tveimur, sem flutt eru í þessu skyni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að bætur úr hinni almennu deild Aflatryggingasjóðs verði með sérstökum hætti árið 1984, þannig að vegna hins almenna og alvarlega aflabrests, sem fyrir sjáanlegur er 1984, verði greiddar sérstakar bætur af tekjum og eignum deildarinnar, sem svarar 4% af öllu aflaverðmæti miðað við lágmarksverð skv. ákvörðunum Verðlagsráðs sjávarútvegsins af löndun innanlands en skiptaverð af löndun erlendis. Bætur þessar verði greiddar inn á reikning hvers skips hjá Stofnfjár sjóði fiskiskipa, sbr. lög nr. 4/1976. Bætur

þessar komi í stað allra bótagreiðslna almennu deildar sjóðsins 1984 og komi ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Í þessari ráðstöfun felst m. a., að dregið er úr þeim millifærslum, sem starfsemi Aflatryggingasjóðs hefur valdið. Áætlað er, að eignir almennu deildarinnar í ársbyrjun 1984 hafi numið um 200 m. kr., en tekjur hennar af útflutningsgjaldi eru áætlaðar um 120 m. kr. á árinu 1984. Bótagreiðslur skv. þeirri reglu, sem hér er lögð til, má ætla að muni nema um 210 til 220 milljónum króna.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir, að áhafnadeild Aflatryggingasjóðs fái til ráðstöfunar á árinu 1984 ríkisframlagið til Aflatryggingasjóðs, 18,6 m. kr., auk síns venjulega tekjustofns af útflutningsgjaldi, sem ætla má að gefi um 160 m. kr. á þessu ári. Þetta er gert til þess að deildin geti aukið greiðslur fæðispeninga til sjómanna, og einnig til þess að hún geti greitt úr fjárhagsörðugleikum sjómanna, sem upp kynnu að koma vegna þess að útgerð skipa er hætt vegna aflabrests og hinna nýju reglna um stjórn botnfiskveiða á árinu 1984. Sjávarútvegsráðuneytið mun setja um þetta nánari reglur í samráði við hagsmunasamtök og stjórn Aflatryggingasjóðs.

Fylgiskjal.

Frá Þjóðhagsstofnun

Skýringar við rekstraryfirlit botnfiskveiða í febrúarbyrjun 1984 eftir fiskverðsákvörðun.

Reikningar ársins 1982.

Reikningarnir (tafla 1) eru byggðir á reikningsefni Fiskifélags Íslands. Tekjur og gjöld eru endurmetin eftir upplýsingum frá Fiskifélagi og fleiri aðilum á líkan hátt og áður í áætlunum Þjóðhagsstofnunar. Fjármagnsliðir eru endurmetnir sérstaklega eins og nánar er fjallað um hér á eftir. Á árinu 1982 bættust 7 minni togarar í flotann við þá 77 sem fyrir voru. Úthald þessara 7 togara hefur verið áætlað miðað við veiðitíma á árinu. Þannig er gert ráð fyrir að 80 togarar af minni gerð hafi verið í fullu úthaldi árið 1982, auk frystitogarans Örvars, sem ekki er talinn með í rekstraráætluninni.

Framreikningur til febrúar 1984.

(Töflur 2 og 3)

Tekjur og gjöld án fjármagnsliða.

Tekjuhliðin er byggð á þeim forsendum um aflamark fyrir 1984 sem settar hafa verið fram. Aflanum er skipt niður á skipsgerðir miðað við meðalafra síðustu þriggja ára. Niðurstöðurnar eru sýndar í eftirfarandi töflu um skiptingu aflamarksins milli skipsgerða á árinu 1984 (Þús. tonn miðað við afla upp úr sjó).

Skipting aflamarks eftir skipsgerðum

	Aflamark		
	1984	Bátar	Togarar
Porskur	220	113	107
Ýsa	60	29	31
Ufsi	70	33	37
Karfi	110	6	104
Skarkoli	17	9	8
Grálúða	30	2	28
Steinbítur	15	9	6
Samtals	522	201	321

Í rekstraráætlun minni togara í febrúar 1984 er miðað við rekstur 83 skipa. Rekstur frystitogaranna (Örvars og Hólmadrangs) er ekki tekinn með í framreikningi og áætlað aflamagn þeirra dregið frá heildaraflamagni minni togara. Meðalafli á skip 1984 (m.v. slægðan fisk) verður þá 2773 tonn. Árið 1982 var aflinn hins vegar 3335 tonn að meðaltali á skip og dregst því saman um tæplega 17% frá því ári. Miðað við um 7% samdrátt í afla minni togara 1983 yrði meðalafli á skip líklega rúmlega 2900 tonn og breytingin að meðaltali á skip því tæplega 4,5% frá árinu 1983. Áætluð lækkun meðalverðs í framreikningi frá 1982 vegna lakari samsetningar er tæplega 6% hjá minni togurunum vegna minni hlutar þorsks í afla og meiri hlutar ódýrari tegunda (karfa og ufsa).

Í rekstraráætlunum fyrir stærri togara er miðað við þau 14 skip sem voru í rekstri 1983. Meðalafli á skip 1984 er áætlaður 3750 tonn en árið 1982 var aflinn 4163 tonn að meðaltali hjá sömu skipum og hefur því dregist saman um tæplega 10% frá 1982, en um 3,0% frá 1983. Lækkun á meðalverði afla stærri togara er áætluð um 3,0% en hlutur karfa í afla þeirra hefur verið nokkru meiri en hjá minni togurunum, og þar með áhrif samsetningarbreytingar minni.

Áætlað er að botnfiskafli bátanna minnki um rúmlega 23% í tonnum frá 1982 til 1984 og samsetningarbreyting er talin lækka meðalverð á botnfiskafla þeirra um 6% frá árinu 1982. Gert er ráð fyrir að annar afli en botnfiskur aukist um 10,5% og heildarafli báta minnki því um 15,4%. Í áætluninni er gert ráð fyrir 7% sóknarminnkun hjá minni togurunum, en þá helst meðalafli minni togara óbreyttur á úthaldsdag frá árinu 1983. Sóknarforsendur eru eftirfarandi:

Forsendur um sóknarbreytingar frá árinu 1983 í %.

	%
Minni togarar	-7,0
Stærri togarar	-2,4
Bátar	
Botnfiskveiðar	-15,0
Aðrar veiðar	5,0
Samtals bátar	-10,0

Gert er ráð fyrir, að olíur, veiðarfæri, ís og löndunarkostnaður fylgi sóknarbreytingum að fullu, en viðhald breytist að hálfu með sókn, en ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á föstum kostnaði.

Í áætluninni eru tekin inn áhrif af ákvörðun um 4% hækkun fiskverðs og breytt verðhlutföll frá 1. febrúar 1984. Áætlunin er að öðru leyti miðuð við kauplag í febrúarbyrjun 1984.

Áhrifin af breytingu á verðhlutföllum á óslægðum fiski og breytingar á verðfellingu á lakari fiski hafa verið metin þannig, að áætlað er að meðalverð hjá bátum lækki við þessar aðgerðir um 0,8% en verð togaraaflla hækki að meðaltali um 0,2—0,3%. Þá er reiknað með 12% verðuppbót úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs á karfa og ufsa, en 2% á annan botnfisk. Þetta veldur nokkrum tilfærslum milli útgerðargreina, eftir því hvernig aflasamsetning þeirra er.

Tekið er tillit til ýmissa atriða, sem áformað er að breyta í kjölfar verðákvörðunar. Þannig er reiknað með 4% sérstöku framlagi úr Aflatryggingasjóði og að kostnaðarhlutdeild til skipta verði 2% hjá togurum en 6% hjá bátum undir 240 brl.

Vátryggingarverðmæti bátaflotans hefur verið endurmetið vegna ábendinga frá LÍÚ, sem leiðir til nokkurrar hækkunar á því, en í þeim lið var aðallega um vanmat að ræða á verðbreytingum vátrygginga bátanna frá árinu 1982. Er í því sambandi tekið tillit til fjölda báta og stærðarskiptingar í samræmi við yfirlit ráðgjafarnefndar um fjölda báta í stærðarflokknum 21—200 brl.

Áætlun og framreikningur fjármagnsliða

Breytingar hafa verið gerðar á uppgjöri fjármagnskostnaðar í þessari rekstraráætlun frá því sem áður hefur verið. Hag útgerðar má meta með ýmsum hætti. Ein aðferðin er að líta á verga hlutdeild fjármagns. Önnur er sú að líta á hreinan hagnað. Mismunur þessara tveggja hugtaka er fjármagnskostnaðurinn, þ.e. afskriftir og vextir. Um langt árabíl hafa afskriftir verið reiknuð stærð við afkomumat Þjóðhagsstofnunar og hefur þá verið miðað við ákveðin hlutföll af vátryggingarverðmæti flotans. Öðru máli hefur gegnt um vexti. Lengst af hefur verið miðað við þá vexti, sem gjaldfalla á hverju ári. Á þessari aðferð eru þó veigamiklir annmarkar. Í fyrsta lagi má nefna, að af stofnkostnaði eldri skipa, sem að mestu hafa greitt upp stofnlán sín, eru aðeins gjaldfærðir þeir stofnlánavextir, sem falla til greiðslu á árinu í stað þess að gjaldfæra reiknaða vexti af öllu því stofnfé, sem bundið er í rekstrinum. Í öðru lagi, og skiptir það meira máli, er sú staðreynd, að með hækkandi nafnvöxtum og aukinni gengis- og verðtryggingu hafa skilin milli afborgana og vaxta orðið afar óljós. Talsverður hluti þess vaxtakostnaðar, sem áður var reiknaður inn í rekstrarafkomuna, var því afborganir af lánum. Í raun hafa því allar markalínur milli raunverulegrar rekstrarafkomu og bágrar greiðslustöðu vegna rekstrarerfiðleika fyrri ára að mestu þurrkast út.

Til þess að fá fram skýrari mynd af rekstrarskilyrðum veiðanna er nauðsynlegt að gera greinarmun á rekstrarafkomu og greiðsluafkomu og er þá gengið út frá þeirri fjárhæð sem reksturinn skilar upp í allan fjármagnskostnað, þ.e. vexti og afskriftir. Þessa fjárhæð má síðan nota til þess að fá mat ýmist á rekstrarafkomu eða greiðsluafkomu.

Við mat á rekstrarafkomunni er reynt að meta hver sé ávöxtun þess fjármagns, sem bundið er í flotanum, miðað við einhverja „hæfilega“ ávöxtunar- og endurnýjunarkröfu. Í því sambandi er vátryggingarverðmæti líklega sá grunnur sem réttast er að miða við, enda er það í samræmi við fyrri aðferðir í rekstraráætlunum Þjóðhagsstofnunar, þar sem það var undirstaða við mat á afskriftum flotans. Niðurstaða um rekstrarafkomuna er hér fengin með því að færa til gjalda þá fjárhæð (árgreiðslu) sem þetta fjármagn þarf að skila af sér til að standa undir endurnýjun og hæfilegum raunvöxtum, sem settir eru 3% í þessum áætlunum. Vitaskuld er hvort tveggja álitamál, endurnýjunarþörf og raunvextir.

Skiptir þá mestu máli hver áætlaður endurnýjunartími flotans er og hve mikið fjármagn er bundið í honum. Við mat á endingartímanum hefur verið leitast við að taka m.a. tillit til aldursamsetningar flotans. Fjármagnsmatið byggist á váttryggingarverðmætinu en í því sambandi þarf að taka tillit til þess að það hefur verið afskrifað. Tvær aðferðir koma til greina til að finna fjármagnsstofninn, að bæta afskriftum við váttryggingarverðið, eða halda honum óbreyttum og stytta endingartíma fjármunanna. Hefur síðari leiðin verið farin af hagkvæmnisástæðum, og er reiknað með 12 ára endingartíma á þeim stofni.

Við váttryggingarverðmætið er bætt 10% fyrir öðrum stofnkostnaði og rekstrarfé. Loks er miðað við 10% hrakvirði fjárfestingarinnar að 12 árum liðnum.

Greiðsluafkoman fæst aftur á móti með því að draga frá vergu hlutdeildinni alla stofnlánavexti, sem falla til greiðslu, svo og afborganir af stofnlánum, en á móti er afskriftum sleppt í því dæmi. Jafnframt þessu eru vanskilaskuldir við stofnlánasjóði og sá hluti viðskiptaskulda sem talinn er vera í vanskilum, tekinn með þegar metinn er greiðsluhallinn eða fjárvöntunin. Tengist það því uppgjöri á heildarskuldum og vanskilum útgerðarinnar sem sýnt er í töflu 4.

Grunngögnin, sem stuðst er við, eru upplýsingar frá Fiskveiðasjóði o. fl. aðilum um vaxtagreiðslur, afborganir o. fl. eftir skipsgerðum árið 1982. Einnig er fjármagnskostnaði minni togara skipt eftir því hvenær þeir hafa verið teknir í notkun, til að varpa enn skýrara ljósi en áður á þann mikla mun, sem er á rekstrar- og greiðsluafkomu þeirra. Skiptingin er miðuð við skip sem komu í rekstur á árinu 1977 og fyrr, en eftir það taka lánskjör mjög að þyngjast. Með eldri skipum eru taldir 6 litlir breskir togarar, keyptir á árinu 1982. Áætlanir um vaxtakostnað og afborganir stærri togara byggja í aðalatriðum á upplýsingum frá Fiskveiðasjóði og Ríkisábyrgðasjóði. Áætlunin um vexti og afborganir báta er að mestu leyti reist á upplýsingum frá Fiskveiðasjóði og ágiskun um skuldir við aðra lánadrottna.

Dreifingin á vanskilaskuldunum hjá minni togurunum við stofnlánasjóðina er mjög mikil og nokkur hluti þeirra er í fullum skilum. Af 85 minni togurum eru líklega 10 utan við sjóðakerfið. Af þeim 75 sem eftir eru, eru 47 í vanskilum og 26 í fullum skilum við Fiskveiða- og Byggðasjóð eða um það bil þriðjungur. Samandregið sést þetta í eftirfarandi töflu:

	Fjöldi minni togara	Skipting %
Í skilum	27	32
Í vanskilum	48	56
Utan við stofnlánasjóði	10	12
Alls	85	100

Sé vanskilum minni togara við stofnlánasjóðina ræðað eftir fjárhæðum kemur í ljós að stærstur hluti þeirra er hjá tiltölulega fáum skipum. Þetta sést skýrt í töflunni um uppsöfnuð vanskil, 47 minni togara, í stofnlánasjóðum í árslok 1983. Í efstu línu töflunnar eru samanlögð vanskil 4 togara sem í mestum vanskilum eru, í næstu línu samanlögð vanskil 8 togara sem í mestum vanskilum eru og þannig koll af kalli. (Hér er eingöngu um vanskilaskuldir við stofnlánasjóði að ræða.)

Uppsafnaður fjöldi togara	Fjárhæð uppsafnaðra vanskila millj. kr.	Uppsöfnuð vanskil hlutföll í %
4	145,8	29,6
8	253,9	51,6
12	317,1	64,5
16	369,1	75,0
20	412,1	83,8
24	444,4	90,3
28	465,9	94,7
32	479,8	97,5
36	487,2	99,0
47	492,0	100,0

Þannig eru t.d. þeir 8 togarar, sem í mestum vanskilum eru, eða um 9% af öllum minni togurunum, með rúmlega helming vanskilanna og 16, eða um 19% af öllum togurunum, með 75% vanskilanna. Einnig eru t.d. 10 togarar með vanskil minni en 1 millj. kr. Væri þeim bætt við þann hluta togaranna, sem stendur í skilum, væru rúmlega 40% af minni togurum í nær fullum skilum við stofnlánasjóðina. Þannig sést glögg, að vanskilin eru bundin við tiltölulega fáa togara.

Í greiðslufirlitinu er gert ráð fyrir því að stofnlán fiskiskipaflotans verði lengd um 1 til 7 ár eftir hlutfalli skulda við váttryggingarverðmæti. Í því sambandi er gert ráð fyrir, að stofnlánaskuldir báta og stærri togara breytist hlutfallslega eins og áætlað er að gerist hjá minni togurunum og að vanskilum vegna viðskiptaskulda verði að vissu marki breytt í lán til 10 ára. Í báðum tilfellum er gert ráð fyrir, að á útvegslánum verði 4% vextir og þau verði á árgreiðsluformi (annuitets lán). Í eftirfarandi töflu er sýnt hlutfall skulda við stofnlánasjóði af váttryggingarverðmæti fyrir 93 minni togara:

Fjöldi togara á bili	Hlutfall skulda við stofnlánasjóði af váttryggingarverðmæti (bæði í skilum og vanskilum)
3	0 til 10%
11	10 til 20%
11	20 til 30%
7	30 til 40%
10	40 til 50%
7	50 til 60%
12	60 til 70%
8	70 til 80%
2	80 til 90%
3	90 til 100%
9	yfir 100%
Samtals 83	

Í sambandi við greiðslu- og rekstrarafkomuna í heild skal þess getið, að sé greiðsluhalli þeirra 9 togara, sem á hvíla hærri stofnlánaskuldir en nemur váttryggingarverðmæti þeirra, tekinn út úr dæminu, batnar greiðslustaðan í heild um 96 m.kr. eða sem nemur um 1,6% af tekjum veiðigreininna. Þá má benda á, að sé reiknað með, að nýrri fiskveiðistefnu fylgi sóknarminnkun umfram aflasamdrátt, um t.d. 7%, batnar afkoma flotans í heild um rúmlega 1,5% af tekjum flotans, eða um 91 m.kr.

Tafla 1.

Rekstraryfirlit botnfiskveiða árið 1982.
Millj. kr.

	Bátar án loðnu 21—200 brl.	Minni togarar	Stærri togarar	Samtals
Fjöldi togara		80	16	
1. Tekjur alls (1—3)	1 203,6	1 461,5	334,3	2 999,4
1. Seldur afli hérlendis	1 088,5	1 219,6	228,7	2 536,8
(p.a. oliugjald)	(64,5)	(69,5)	(12,6)	(146,6)
2. Seldur afli erlendis	65,2	140,5	88,1	293,8
3. Aðrar tekjur	49,9	101,4	17,5	168,8
Gjöld (1—6)	1 210,3	1 332,1	309,7	2 852,1
1. Aflahlutir	416,3	436,1	63,6	916,0
2. Laun og tengd gjöld	136,5	74,4	48,6	259,5
3. Olíur	166,4	346,2	76,0	588,6
4. Veidarfæri	142,7	104,5	17,6	264,8
5. Viðhald	160,3	156,6	38,6	355,5
6. Annar kostnaður	188,1	214,3	65,3	467,6
7. Verg hlutdeild fjármagns	-6,7	129,4	24,6	147,3
Verg hlutdeild fjármagns % af tekjum	-0,6	8,9	7,4	4,9
Rekstrarafkoma				
8. Árgreiðsla (reiknuð fjárhæð sem skilar 3% ávöxtun m.v. 12 ára endingartíma)	171,1	280,4	59,6	511,1
9. Hreinn hagnaður (9=7-8)	-177,8	-151,0	-35,0	-363,8
Hreinn hagnaður, % af tekjum	-14,8	-10,3	-10,5	-12,1
Meðalverð aflans, kr. á kg.				
Landað heima, heildarverð		4,81	4,25	
Landað erlendis, brúttóverð		10,53	11,48	
Aflamagn á skip að meðaltali, tonn (sl. m.h.)		3 335	3 844	
Landað heima		3 168	3 364	
Landað erlendis		167	480	
Heildarafi togara (sl.m.h.) þús. tonn		266,7	61,5	
Vátryggingarverðmæti (Bátar heild, togarar meðaltal á skip)	(1 720,0)	35,2	37,4	

Athugasemd: Vátryggingarverðmætið er notað sem grundvöllur árgreiðslu (8) og er þá miðað við 12 ára endingartíma fjárfestingar, 3% vexti og 10% hrakvirði. Varðandi aðrar forsendur, sjá skýringar. Byggt er á reikningsefni frá Fiskifélagi Íslands.

Tafla 2.

Áætlað rekstraryfirlit botnfiskveiða í febrúar 1984 eftir fiskverðshækkun og fylgiaðgerðir.
Millj. kr.

Aflaforsendur: Aflamark ársins 1984.

Dæmi 1.	Minni togarar				Stærri togarar	Samtals
	Bátar án loðnu 21–200 brl.	Eldri skráðir fyrir 1977	Yngri skráðir 1977 og síðar	Alls		
Fjöldi togara		46	37	83	14	
Breyting 1983, úthald og sóknartengdur kostnaður, %	–10,0	–7,0	–7,0	–7,0	–2,4	
Tekjur alls (1–4)	2 489,3	1 582,6	1 273,0	2 855,6	639,3	5 984,2
1. Seldur afli hérlendis	2 189,1			2 417,0	440,2	5 046,3
2. Seldur afli erlendis	121,9			245,6	173,6	541,1
3. Bætur úr Aflatryggingasjóði	62,1			67,1	12,1	141,3
4. Aðrar tekjur	116,2			125,9	13,4	255,5
Gjöld (1–6)	2 256,4			2 514,5	581,4	5 352,3
1. Aflahlutir	758,0			750,3	107,8	1 616,1
2. Laun og tengd gjöld	229,5			121,1	78,5	429,1
3. Olíur	322,6			764,9	179,0	1 266,5
4. Veidarfæri	266,4			200,8	33,9	501,1
5. Viðhald	292,3	293,3	72,4	658,0		
6. Annar kostnaður	387,6			384,1	109,8	881,5
7. Verg hlutdeild fjármagns	232,9	189,0	152,1	341,1	57,9	631,9
Verg hlutdeild fjármagns, % af tekjum	9,4	11,9	11,9	11,9	9,1	10,6
Rekstrarafkoma						
8. Árgreiðsla (reiknuð fjárhæð sem skilar 3% ávöxtun m.v. 12 ára endingartíma)	325,0	258,4	341,4	599,8	93,6	1 018,4
9. Hreinn hagnaður (9=7–8)	–92,1	–69,4	–189,3	–258,7	–39,7	–386,5
Hreinn hagnaður, % af tekjum	–3,7	–4,4	–14,9	–9,1	–5,5	–6,5
Greiðsluafkoma						
10. Verg hlutdeild fjármagns	232,9	189,0	152,1	341,1	57,9	631,9
11. Árgreiðsla stofnlána (eftir skuldabreytingu)	(153,0)	119,3	208,0	327,3	68,1	548,4
12. Árgreiðsla vanskila (eftir skuldabreytingu og greiðsla af lánum sem ekki eru lengd)	18,0	9,4	89,6	99,0	6,4	123,4
13. Greiðsluhalli (13=10–11–12)	61,9	60,3	–145,5	–85,2	–16,6	–39,9
Greiðsluhalli, % af tekjum	2,5	3,8	–11,4	–3,0	–2,6	–0,7
Meðalverð aflans, kr. á kg.						
Landað heima, heildarverð				11,02	9,83	
Landað erlendis, brúttóverð				22,76	22,56	
Aflamagn á skip að meðaltali, tonn (sl. m.h.)						
Landað heima				2 643	3 200	
Landað erlendis				130	550	
Samtals				2 773	3 750	
Heildarafli togara (sl. m.h.) þús. tonn				230,2	52,5	
Vátryggingarverðmæti (Bátar heild, togarar meðaltal á skip)	(3 267,5)	53,6	92,9	71,1	67,2	

Athugasemd: Vátryggingarverðmætið er notað sem grundvöllur árgreiðslu (8) og er þá miðað við 12 ára endingartíma.

Tafla 3.

Hagur botnfiskveiða 1977—1984.

Tölur sýna hlutföll af heildartekjum sé annars ekki getið.

	1977	1978	1979	1980	1981	1982	Framreikningur til febrúar 1984 Aflamark 1984 ⁵⁾ Dæmi 1
	%	%	%	%	%	%	%
Minni togarar							
Verg hlutdeild fjármagns ¹⁾	21,1	20,0	18,7	14,0	11,1	8,9	11,9
Hreinn hagnaður ²⁾	-0,8	-4,9	-4,8	-9,1	-11,7		
Samkvæmt nýjum skattalögum ³⁾			13,0	-2,1	8,6	-38,8	
Samkvæmt nýrri uppgj.aðferð ÞHS⁴⁾							
Verg hlutdeild fjármagns í hlutf. við váttr.- verðm. flotans	12,8	11,5	12,8	9,2	7,5	4,6	5,8
Hreinn hagnaður ⁴⁾	4,6	2,8	4,2	-1,1	-3,7	-10,3	-9,1
Stærri togarar							
Verg hlutdeild fjármagns	11,7	14,0	16,9	10,1	4,1	7,4	9,1
Hreinn hagnaður	-9,9	-4,1	2,8	-4,9	-13,7		
Samkvæmt nýjum skattalögum			9,2	4,1	1,3	-44,5	
Samkvæmt nýrri uppgj.aðferð ÞHS							
Verg hlutdeild fjármagns í hlutf. við váttr.- verðm. flotans	6,9	10,2	15,8	8,2	2,6	4,1	6,2
Hreinn hagnaður	-5,1	0,4	6,3	-2,1	-11,6	-10,5	-5,5
Bátar án loðnu							
Verg hlutdeild fjármagns	7,2	11,6	12,0	3,0	1,8	-0,6	9,4
Hreinn hagnaður	-10,3	-8,4	-3,8	-12,1	-14,0		
Samkvæmt nýjum skattalögum			4,8	-4,4	-6,8	-17,5	
Samkvæmt nýrri uppgj.aðferð ÞHS							
Verg hlutdeild fjármagns í hlutf. við váttr.- verðm. flotans	5,0	8,1	10,6	2,9	1,6	-0,4	7,1
Hreinn hagnaður	-7,1	-2,7	0,8	-7,2	-8,9	-14,8	-3,7
Botnfiskveiðar samtals							
Verg hlutdeild fjármagns	13,2	15,6	15,7	9,0	6,5	4,9	10,6
Hreinn hagnaður	-6,6	-6,3	-3,4	-9,8	-12,9		
Samkvæmt nýjum skattalögum			9,1	-2,2	1,3	-30,9	
Samkvæmt nýrri uppgj.aðferð ÞHS							
Verg hlutdeild fjármagns í hlutf. við váttr.- verðm. flotans	8,5	10,0	12,4	7,0	4,9	2,9	6,3
Hreinn hagnaður	-2,3	0,1	3,1	-3,7	-6,7	-12,1	-6,5

¹⁾ Rekstrarafgangur án fjármagnskostnaðar (vaxta og afskrifta).

²⁾ Vextir eru hér reiknaðir sem áfallnir vextir á árinu að meðtöldum gjaldföllum verðbótum og gengistryggingu. Hér er því ekki reiknað ógjaldfallið gengistap af stofnlánum á sama hátt og gert er samkvæmt skattalögum en verðbreytingafærsla er heldur ekki tekin með. Afskriftir eru hér reiknaðar sem ákveðið hlutfall af váttryggingarverðmæti flotans. Þetta uppgjör fjármagnskostnaðar er gert á sama hátt fyrir öll árin.

³⁾ Afskriftir eru þó reiknaðar eins og í fyrra tilvikinu en ekki samkvæmt skattalögum.

⁴⁾ Í nýrri aðferð Þjóðhagsstofnunar felst, að reiknaður er sá afrakstur sem það fjármagn, sem bundið er í flotanum (váttryggingarverðmæti), þarf að skila m.v. 3% vexti, 12 ára endingartíma fjárfestingar og 10% hrakvirði. Munurinn á þeirri niðurstöðu (árgreiðslu) og vergri hlutdeild fjármagns er hreinn hagnaður eða tap eftir 3% ávöxtun stofnfjár. Einnig er sýnt hvað verg hlutdeild fjármagns skilar á hverju ári upp í váttryggingarverðmætið.

⁵⁾ Í tekjuhlíð er forsendum aflamarks 1984 skipt á skipsgerðir. Í gjaldahlíð er sóknartengdum gjöldum breytt í sömu hlutföllum og áætlað er að sóknin dragist saman. Eftirfarandi forsendur um sóknarbreytingu eru í dæmunum:

	Dæmi 1
Minni togarar, %	-7,0
Stærri togarar, %	-2,4
Bátar, %	-10,0

⁶⁾ Þessar tölur, tímabilið 1977—1981, eru settar fram miðað við sama endingartíma fjárfestingar, þrátt fyrir mismunandi aldursamsetningu flotans.

Tafla 4.

Skuldir útgerðar í árslok 1983.

Áhvílandi lán í árslok 1983 m. kr., (uppgreiðsluverð).

	Bátar			Togarar			Alls
	21–200 brl.	>200 brl.	Loðnubátar	Minni	Stærri	Samtals	
Fiskveiðasjóður	976,9	351,9	933,6	3 053,4	85,3	3 138,7	5 401,1
Byggðasjóður	(65,3)	(24,0)	(62,0)	316,0	10,3	326,3	477,6
Ríkisábyrgðasjóður	—	—	—	(254,7)	437,9	692,6	692,6
Aðrir (ágiskun)	(446,7)	(68,0)	(174,0)	185,0	25,0	210,0	898,7
Samtals	1 488,9	433,9	1 169,6	3 809,1	558,5	4 367,6	7 470,0
Áætluð fjárhæð vaxta og afborgana 1984 af stofnlánum í skilum	(251,3)	(75,8)	(112,4)	(585,7)	(135,2)	(720,9)	(1 160,4)
Vanskilaskuldir m. kr. í árslok 1983 vegna stofnlána.							
Fiskveiðasjóður	91,1	(48,0)	(196,0)	410,1	16,9	427,0	762,1
Byggðasjóður	(10,0)	(5,3)	(20,0)	69,3	2,1	71,4	106,7
Ríkisábyrgðasjóður	—	—	—	32,8	54,8	87,6	87,6
Aðrir (ágiskun)	(43,3)	(9,5)	(38,0)	(24,0)	(4,0)	(28,0)	(118,8)
Samtals	144,4	62,8	254,0	536,2	77,8	614,0	1 075,2
Áætlaðar heildarviðskiptaskuldir hjá einkaaðilum m. kr. í árslok 1983.							
Olúfélög	(110)	(40)	(30)	(260)	(60)	(320)	500
Aðrir	(134)	(40)	(30)	(120)	(26)	(146)	350
Einkaaðilar alls	244	80	60	380	86	466	850
P. a. áætlaðar viðskiptaskuldir í skilum. (Í samræmi við mat rekstrarvaxta í áætlun PHS)	(98)	(32)	(24)	(152)	(34)	(186)	(340)
P. a. áætlaðar viðskiptaskuldir í vanskilum	(146)	(48)	(36)	(228)	(52)	(280)	(510)
Samtals vanskilaskuldir (af stofnlánum og viðskiptaskuldum) ...	(290,4)	(110,8)	(290,0)	(764,2)	(129,8)	(894,0)	(1 585,2)

Athugasemd:

Með uppgreiðsluverði er átt við þá fjárhæð sem borga þyrfti vegna stofnlána og vanskila væru þau greidd upp. Reist á upplýsingum frá Fiskveiðasjóði, Byggðasjóði, Ríkisábyrgðasjóði og Seðlabanka. Upplýsingarnar frá Fiskveiðasjóði og Byggðasjóði eru miðaðar við nóvemberlok 1983. Upplýsingar frá Ríkisábyrgðasjóði eru frá október 1983. Ágiskun um hlutdeild annarra byggist á þeim forsendum um hlut stofnlánasjóða sem stuðst er við í rekstraráætlunum Þjóðhagsstofnunar. Hér er um afar lauslega ágiskun að ræða. Lánun Byggðasjóðs til báta er skipt í sömu hlutföllum og lánum Fiskveiðasjóðs. Tölurnar í svigum eru áætlaðar. Í áætlun um afborganir og vexti 1984 er vaxtaendurgreiðsla Fiskveiðasjóðs dregin frá. Upplýsingar um viðskiptaskuldir og vanskil einkaaðila byggjast á upplýsingum frá Seðlabanka. Þeim er skipt milli veiðigreina í sömu hlutföllum og viðkomandi kostnaðarliðir í rekstraráætlunum Þjóðhagsstofnunar. Mjög erfitt er að draga mörk á milli eðlilegra viðskiptaskulda og vanskila og í mörgum tilvikum um álitamál að ræða í því sambandi. Heildarfjárhæð viðskiptaskuldanna gæti numið um fimmtungi af rekstrargjöldum veiðanna (án fjármagnskostnaðar og aflahluta). Þar af nema skuldir við olúfélög um þriðjung af olúkostnaði í rekstraráætlun og virðist það nokkru lægri fjárhæð hlutfallslega en verið hefur undanfarin ár. Viðskiptaskuldunum er skipt milli skulda í skilum og vanskilum eftir þeim forsendum um rekstrarvexti sem notaðir eru í áætlunum Þjóðhagsstofnunar, en þar er gert ráð fyrir að vextirnir svari til eins mánaðar rekstrargjalda. Viðskiptaskuldir umfram það, eru sýndar sem vanskil. Þessar heildartölur eru settar fram með fyrirvara um breytingar.